

Ytra mat grunnskóla

# Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

nóvember 2018



Birna Sigurjónsdóttir

2265

Póra Björk Jónsdóttir

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir  
mennta- og menningarmálaráðuneytið og sveitarfélagið Árborg.

Höfundar: Birna Sigurjónsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir

© Menntamálastofnun, 2018.

ISBN 978-9979-0-2306-7

# Efnisyfirlit

<b>Efnisyfirlit.....</b>	<b>3</b>
<b>Samantekt niðurstaðna .....</b>	<b>4</b>
Stjórnun og fagleg forysta .....	4
Nám og kennsla.....	4
Innra mat .....	5
Skóli án aðgreiningar.....	5
<b>Skólaprófíll.....</b>	<b>6</b>
<b>Upplýsingar um Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri .....</b>	<b>7</b>
<b>Niðurstöður .....</b>	<b>8</b>
<b>Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta.....</b>	<b>8</b>
1.1    Faglegt samstarf og samræða .....	8
1.2    Samvirki í stefnumótun .....	8
1.3    Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu .....	8
1.4    Umbær tur og innleiðing breytinga .....	9
1.5    Vinnulag, verklagsreglur og áætlunarir .....	9
1.6    Starfsmannastjórnun og verkaskipting .....	10
1.7    Leiðtoga hæfni stjórnenda og starfsmanna .....	10
<b>Þáttur 2 – Nám og kennsla .....</b>	<b>12</b>
2.1    Inntak og námskrá .....	12
2.2    Árangur náms .....	12
2.3    Gæði kennslu.....	15
2.4    Skipulag náms.....	16
2.5    Námsvitund .....	16
2.6    Ábyrgð og þátttaka .....	17
<b>Þáttur 3 – Innra mat .....</b>	<b>19</b>
3.1    Skipulag .....	19
3.2    Framkvæmd .....	19
3.3    Umbær tur .....	19
<b>Þáttur 4 – Skóli án aðgreiningar .....</b>	<b>21</b>
4.1    Menning og viðhorf .....	21
4.2    Námskrá og áætlunarir.....	21
4.3    Upplýsingamiðlun og samskipti.....	21
4.4    Starfshættir .....	21

## Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri sem fór fram á haustönn 2018. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla, innra mat* og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þáttur skóli án aðgreiningar/stoðþjónusta.

## Stjórnun og fagleg forysta

### Styrkleikar

- Starfsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár og flestir þættir skólanámskrár eru birtir á heimasíðu skólans.
- Á heimasíðu er ítarleg stefnumótun um stoðþjónustu, skóla án aðgreiningar og greinargóð lestrarstefna.
- Samstarf við leikskólann og grenndarsamfélagið er markvisst og öflugt.
- Mat á árangri nemenda er reglulegt og í foreldraviðtolum er rætt um líðan og stöðu nemenda.
- Stjórnendur skipta með sér verkum og dreifa ábyrgð sín á milli og þeir leggja sig fram um að hrósa þegar við á.
- Starflýsingar allra starfsmanna er að finna í handbók starfsmanna og starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári.

### Tækifæri til umbóta

- Móta þarf heildarstefnu um kennsluhætti sem nær til beggja starfsstöðva.
- Tryggja að niðurstöðum samræmdra mælinga sé fylgt eftir til að bæta árangur nemenda.
- Stjórnendur veiti kennurum reglulega endurgjöf á störf sína.
- Birta alla þætti skólanámskrár með skýrum og aðgengilegum hætti á heimasíðu.
- Gera grein fyrir í skólanámskrá og námsáætlunum hvernig unnið er með grunnþætti menntunar og hvernig unnið er að jákvæðum skólabrag.
- Skólaráð haldi að minnsta kosti einn fund á ári um skólamál fyrir skólasamfélagið.

## Nám og kennsla

### Styrkleikar

- Í skólanum er borin virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda.
- Árangur nemenda á samræmdum könnunarprófum í 9. bekk er góður í íslensku og ensku.
- Skipulag kennslutíma er gott og tíminn vel nýttur.
- Hugað er að tíma til að komast í og úr íþróttum.
- Foreldrar telja nám hæfilega krefjandi og að komið sé til móts við mismunandi þarfir nemenda.
- Kennrar vinna saman að skipulagi kennslu.
- Verið er að þróa teymiskennslu á yngsta stigi.
- Áhersla er lögð á nám í list- og verkgreinum.
- Eldri nemendur fá kynningu á markmiðum og viðmiðum.

### Tækifæri til umbóta

- Setja fram sýn skólans og hvernig hún á að birtast í námi og kennslu.
- Samræma framsetningu námsvísa/áætlana um nám og birta á heimasíðu.

- Tengja áætlanir um nám betur við hæfniviðmið aðalnámskrár.
- Sjá til þess að nemendur unglingsadeildar hafi val í um fimmtungi námstímans.
- Endurskoða stærðfræðikennslu og leita leiða til að bæta árangur nemenda í stærðfræði.
- Auka þáttöku nemenda við að vinna með markmið námsins, læra að setja sér markmið tengd hæfni og skipuleggja nám sitt.
- Gera grein fyrir hvernig námsaðlögun er háttar í kennsluáætlunum.
- Auka notkun á upplýsingatækni í námi.
- Efla kennsluhætti þar sem reynir á rökhugsun, gagnrýna hugsun, samstarf og skoðanaskipti nemenda.
- Stuðla að aukinni hreyfingu hjá nemendum.

#### Innra mat

##### Styrkleikar

- Stjórnendur telja innra mat mikilvægt og ætla að efla það.
- Matsskýrslur hvers árs eru opinberar.
- Gagna um skólastarf hefur verið aflað hjá nemendum, stafsfólk og foreldrum.
- Unnin hefur verið greinargerð um innra mat með styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Niðurstöður kannana eru kynntar helstu aðilum skólasamfélagsins.

#### Tækifæri til umbóta

- Skipa þarf teymi um innra mat með fulltrúum allra aðila skólasamfélagsins.
- Greina betur samræmd könnunarpróf og setja fram markvissar leiðir til umbóta.
- Innra mat þarf að verða samofin daglegu skólastarfi.
- Gera þarf áætlun um innra mat til nokkurra ára og hafa opinbera.
- Gera mat á kennlu og fagmennsku kennara að föstum lið í innra mati.
- Meta þarf markmið skólans.
- Afla mætti gagna um skólastarf með fjölbreyttari aðferðum en könnunum hjá aðilum skólasamfélagsins.
- Vinna nákvæma umbótaáætlun út frá tækifærum til umbóta og tilgreina hvernig og hvenær að meta árangur umbótaaðgerða.

#### Skóli án aðgreiningar

##### Styrkleikar

- Skólinn byggir starf sitt meðal annars á virðingu fyrir margbreytileikanum og leitast við að veita öllum nemendum sínum námstilboð við hæfi.
- Gerðar eru ítarlegar einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning og einstaklingsáætlanir á unglingsastigi fyrir þá sem þurfa aðlögun í námi.
- Á heimasíðu er greinargóð lýsing á verklagi og vinnubrögðum stoðþjónustunnar.
- Í skólanum er lögð mikil áhersla á markvissa lestrarþjálfun.
- Nemendur með sérþarfir fá gæðastundir í litlum hópum í list- og verkgreinum, sundi og íþróttum.

#### Tækifæri til umbóta

- Gera árlega heildaráætlun um sérkennslu og stuðning.
- Virkja nemendur til að setja sér markmið um árangur.
- Gæta þess að stuðningur sé í öllum tilvikum markviss og nýtist nemendum í námi.

## Skólaprófíll

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4	grænt	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingum um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5	Grænt og gult	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingum um gæðastarf en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5	gult	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnaðast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5	rautt	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum í flestum eða öllum þáttum.

## Upplýsingar um Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri er rekinn á tveimur þéttbýlisstöðum. Á Eyrarbakka eru nemendur í 7.-10. bekk og á Stokkseyri nemendur í 1.-6. bekk auk þess sem þar eru kenndar list- og verkgreinar, sund og íþróttir fyrir alla árganga. Skólarnir voru sameinaðir undir einni stjórn árið 1996. Einkunnarorð skólans eru: Jákvæðni, metnaður, virðing, heiðarleiki. Í skólanum eru 129 nemendur á haustönn 2018.

Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	13	11	13	11	13	10	19	13	14	12
Fjöldi bekkjardeilda	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1

Í skólanum starfar 51 starfsmaður, þar af fjórir stjórnendur (skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og tveir deildarstjórar), einn forstöðumaður frístundar, 24 kennarar (þar af fjórir leiðbeinendur í jafnmörgum stöðugildum), tveir þroskaþjálfar, tveir eldhússtarfsmenn, einn húsvörður, einn starfsmaður bókasafns, tveir ritarar, einn námsráðgjafi, einn ræstitæknir og 12 stuðningsfulltrúar og aðstoðarfólk í sundlaug og íþróttahúsi.

21 nemandi er af erlendum uppruna eða 16%. Engir nemendur stunda nám á öðru skólastigi á þessu skólaári.

Nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og nemendur með skilgreinda sérkennslu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Íslenska sem annað tungumál	3		2	4	2	2	4	1	3	
Einstaklingsnámskrá	1	5	6	5	2	4	7	5	8	4
Sérkennsla og aðlagað námsefn	3	5	6	5	2	4	10	8	8	6

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu	4	4	4	4	4	4	8	10	10	10
---------------------------------------------------------	---	---	---	---	---	---	---	----	----	----

# Niðurstöður

## Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Faglegt samstarf og samræða	Samvirkni í stefnumótun	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamféluginu	Umbær tur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-----------------------------	-------------------------	------------------------------------------------	-----------------------------------	--------------------------------------	---------------------------------------	------------------------------------------

### 1.1 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur hafa metnað til að vera faglegir leiðtogar en segja að kröfur um mikla skriffinsku hindri þá í því. Faglegar áherslur eru að mati kennara og stjórnenda ólíkar eftir starfsstöðvum og aldri nemenda. Bekkjarkennsla er á yngra og miðstigi og faggreinakennsla á unglungastigi en heildarstefna um kennsluhætti hefur ekki verið mörkuð. Kennrarar í rýnihópi segjast fá litla endurgjöf á störf sín en telja að þeir hafi frelsi til að velja sínar aðferðir.

Sveitarfélagið skipuleggur símenntun og þróunarstarf sem er sameiginlegt fyrir alla skólana. Þar er lögð áhersla á lærðómssamfélagið og skólinn hefur valið að innleiða teymiskennslu sem þróunarverkefni. Í símenntunaráætlun kemur fram að í veturnar er unnið að þróunarverkefnum um heilsueflingu, menningu og náttúruskóla. Nærri þriðjungur kennara er í námi, ýmist grunnnámi eða framhaldsnámi og fá til þess ákveðið svigrúm innan vinnutímans. Í rýnihópum kom fram að nokkuð álag skapast vegna þessa sem getur komið niður á skólastarfinu.

### 1.2 Samvirkni í stefnumótun

Starfsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár er birt á heimasíðu skólans. Flestir þættir skólanámskrár eru einnig á heimasíðu en sumir þeirra aðeins í starfsmannahandbók en ættu að vera aðgengilegri öllum hagsmunaðilum. Einkunnarorð skólans eru birt í skólasteglum en ekki á áberandi stað á heimasíðunni. Ítarleg stefnumótun um stoðþjónustu, skóla án aðgreiningar og greinargóð lestrarstefna er birt á heimasíðu.

Stefna skólans um áherslur í skólastarfi og kennsluháttum er aftur á móti ekki birt með skýrum hætti og viðmælendum bar saman um að sýn skólans hafi ekki verið mótuð. Umfjöllun um hvernig unnið er með grunnþætti menntunar kemur ekki fram, hvorki í starfsáætlun eða námsáætlunum nemenda. Stefna skólans er rædd á starfsmannafundum, að sögn stjórnenda, en kennrarar og foreldrar í rýnihópum könnuðust ekki við að hafa tekið þátt í mótnun hennar. Unnið er að endurskoðun á menntastefnu sveitarfélagsins í samvinnu allra skólanna.

### 1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamféluginu

Stjórnendur leggja sig fram um að efla tengsl við foreldra. Í haust var foreldrum boðið á svokallaða Skólavöku þar sem skólastarfið, stoðþjónustan og nám og kennsla í öllum árgöngum var kynnt. Stjórnendur kalla foreldra inn til skrafs og ráðagerða en ekki er leitað eftir hugmyndum þeirra með formlegum hætti. Skipað hefur verið í skólaráð en það hafði ekki komið saman þegar matið fór fram. Rætt var við fulltrúa í fráfarandi skólaráði og að þeirra sögn eru haldnir fjórir fundir á ári og fundargerðir

ritaðar. Þær hafa ekki verið settar inn á heimasíðu undanfarin ár. Mikilvægt er að leita eftir sýn foreldra um skólastarfið og það er eitt af verkefnum skólaráðs að halda árlega opinn fund um skólamál fyrir skólasamfélagið. Samkvæmt upplýsingum frá skólanum hefur þetta ekki verið gert undanfarin ár.

Í foreldrakönnun Skólapúlsins frá síðasta skólaári mældist ánægja foreldra með stjórnun skólans marktækt minni en að landsmeðaltali og hjá foreldrum í rýnihópi kom fram að bæta þyrfti samskipti stjórnenda bæði innan skólans og við foreldrahópinn. Foreldrakönnun var send út í tengslum við ytra matið og bárust svör frá foreldrum 78 af 129 nemendum skólans. Þar eru um 56% svarenda því mjög eða frekar sammála að skólanum sé vel stjórnað og um 72% eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni: *Þegar á heildina er litið er ég ánægð/ur með skólanum*. Stjórnendur skólans telja að samstarfið við foreldra sé jákvæðara nú en áður.

Samstarf við leikskólann er skipulagt með gagnkvæmum heimsóknum og markvisst samstarf er við grenndarsamfélagið. Þar má nefna ýmis samstarfsverkefni, svo sem fjölsóttir súputónleikar þar sem nemendur Tónlistarskólans koma fram og verkefnið *Barnabær*. Samráð og samstarf er við frístund og við félagsmiðstöð sem nýta hluta húsnæðis grunnskólans á Stokkseyri.

#### 1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri nemenda er reglulegt og í foreldraviðtölum er rætt um líðan og stöðu nemenda. Að sögn stjórnenda er fundað um niðurstöður samræmdra mælinga og gripið til aðgerða sé þess þörf, kennrarar telja aftur á móti að niðurstöðum sé ekki nægilega fylgt eftir til að bæta árangur nemenda.

Reglulega eru lagðar fyrir kannanir Skólapúlsins til að kanna viðhorf foreldra og starfsmanna svo og líðan nemenda. Í sjálfsmatsskýrslu eru dregnar fram helstu niðurstöður þessara kannana og birtar tillögur að úrbótum sem vinna skal að á skólaárinu. Áætlun um hvernig staðið er að því að hrinda þessum tillögum í framkvæmd kemur ekki fram. Greint er frá nokkrum þróunarverkefnum í starfsáætlun, markmiðum þeirra og hverjir sitja í teymum um þau. Í lestrarstefnu skólans eru birt viðmið um árangur fyrir hvern árgang og samkvæmt upplýsingum frá deildarstjóra sérkennslu er brugðist við slökum árangri nemenda með markvissum aðgerðum.

#### 1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Nemendur skólans eru með jafnaðarstundaskrá þar sem allir árgangar eru með 35 kennslustundir á viku. Það gerir það að verkum að nemendur í 1.-4. bekk fá fimm kennslustundum meiri kennslu hver árgangur á viku (35 stundir í stað 30 eins og gert er ráð fyrir í viðmiðum Aðalnámskrár) en nemendur 8.-10. bekk eru með skerðingu upp á tvær kennslustundir á viku (35 stundir í stað 37 eins og gert er ráð fyrir í viðmiðum Aðalnámskrár). Þar á móti kemur val nemenda utan skóla í tvær stundir. Þess ber þó að gæta að þessi tilfærsla getur verið varasöm, þar sem nám nemenda á unglingsastigi vinnst ekki upp með auknu námi á fyrri stigum.

Helstu upplýsingar um skólastarfið eru á heimasíðunni en æskilegt er að tengja þær upplýsingar sem eiga heima í skólanámskrá við hana á einum stað. Ferli um lausn ágreiningsmála í starfsmannahópnum hefur ekki verið skráður en að sögn stjórnanda verður það gert með endurskoðun starfsmannahandbókar. Nemendaráð er virkt og helstu verkefni þess snerta félagsstarf nemenda og fulltrúar nemenda eru virkir þátttakendur í skólaráði. Þeir segjast aftur á móti ekki hafa fengið sérstaka þjálfun til þessara starfa. Skólinn er heilsueflandi skóli, nemendur fá fjóra tíma í viku í íþróttum, þar af

two í sundi allan veturinn og allir starfsmenn fá tækifæri til að stunda heilsurækt á vinnutíma. Almenn ánægja er með það. Nemendum líður almennt vel í skólanum samkvæmt könnun Skólapúlsins á sl. skólaári.

### 1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri stýra hvor sinni starfsstöð, en deildarstjórar sinna sínum verkefnum á báðum starfsstöðvum. Stjórnendur skipta með sér verkum og dreifa ábyrgð sín á milli, þeir funda reglulega og segjast vilja koma fram sem einn maður gagnvart starfsmönnum og grípa fljótt inn í ef vandamál koma upp. Að mati kennara í rýnihópi eru stjórnendur þó ekki nógu vel vakandi yfir samskiptum fólks og misgott að leita til þeirra. Í starfsmannakönnun sem lögð var fyrir vorið 2017 kom fram nokkur óánægja með samskipti við stjórnendur. Skólinn brást við m.a. með aðkomu vinnustaðasálfræðings. Viðmælendur í rýnihópum segja að heilt yfir sé starfsandinn góður og samheldni meðal starfsmanna en þurfi að bæta, sérstaklega á milli starfsstöðva.

Starfsmanna- og kennarafundir eru sameiginlegir fyrir báðar starfsstöðvar en að öðru leyti virðist lítill tengsl á milli. Starfslýsingar allra starfsmanna er að finna í handbók starfsmanna sem er á heimasíðu og verkaskipting stjórnenda var vel kynnt í upphafi skólaársins að sögn kennara. Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári. Stjórnendur leggja sig fram um að hrósa þegar við á en nota ekki „innihaldslaust hrós“.

### 1.7 Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu, m.a. með því að heimsækja aðra skóla og kynna sér stjórnunarhætti. Kennrar segjast hafa mikið frelsi til að skipuleggja nám og kennslu og telja sig njóta trausts stjórnenda til þess. Samkvæmt starfsáætlun er unnið að nokkrum þróunarverkefnum á skólaárinu og þar kemur fram hverjir leiða verkefnin. Skólinn er heilsueflandi skóli og starfsmenn fá tækifæri til að stunda líkamsrækt á vinnutíma. Skólinn stefnir að því að verða náttúruskóli og að innleiðingu rafræns nám. Frekari lýsingu á þessum verkefnum er ekki að finna á heimasíðu.

#### Styrkleikar

- Skólinn tekur þátt í þróunarverkefni á vegum sveitarfélagsins um innleiðingu teymiskennslu.
- Í skólanum er unnið að þróunarverkefnum um heilsueflingu, menningu og náttúruskóla.
- Starfsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár og flestir þættir skólanámskrár eru birtir á heimasíðu skólans.
- Á heimasíðu er ítarleg stefnumótun um stoðþjónustu, skóla án aðgreiningar og greinargóð lestrarstefna.
- Foreldrum er boðið á Skólavöku þar sem skólastarfið, stoðþjónustan og nám og kennsla í öllum árgögum er kynnt.
- Samstarf við leikskólann og grenndarsamfélagið er markvisst og öflugt.
- Mat á árangri nemenda er reglulegt og í foreldraviðtölum er rætt um líðan og stöðu nemenda.
- Stjórnendur skipta með sér verkum og dreifa ábyrgð sín á milli og þeir leggja sig fram um að hrósa þegar við á.

- Starfslýsingar allra starfsmanna er að finna í handbók starfsmanna og starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári.
- Kennrar telja sig njóta trausts stjórnenda til að skipuleggja nám og kennslu.

#### Tækifæri til umbóta

- Móta þarf heildarstefnu um kennsluhætti sem nær til beggja starfsstöðva
- Efla samstarf kennara og bæta upplýsingaflæði milli starfsstöðvanna.
- Gæta þarf þess að forföll vegna náms kennara komi ekki niður á faglegu samstarfi og námi nemenda.
- Tryggja að niðurstöðum samræmdra mælinga sé fylgt eftir til að bæta árangur nemenda.
- Stjórnendur veiti kennurum reglulega endurgjöf á störf sín.
- Birta alla þætti skólanámskrár með skýrum og aðgengilegum hætti á heimasíðu.
- Gera grein fyrir í skólanámskrá og námsáætlunum hvernig unnið er með grunnþætti menntunar.
- Gera grein fyrir í skólanámskrá hvernig unnið er að jákvæðum skólabrag.
- Skólaráð haldi að minnsta kosti einn fund á ári um skólamál fyrir skólasamfélagið.
- Efla tengsl við foreldra og leita eftir hugmyndum þeirra um skólastarfið með formlegum hætti.
- Birta fundargerðir skólaráðs á heimasíðu.
- Æskilegt er að gera grein fyrir samstarfsverkefnum við grenndarsamfélagið á heimasíðu skólans.

## Páttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

### 2.1 Inntak og námskrá

Skólastefna Árborgar byggir á einkunnarorðunum *Gleði, metnaður og virðing* og er þar meðal annars haft að leiðarljósi að skólastarf stuðli að því að nemendur nýti hæfileika sína, lýðheilsa sé efld, skólastarf sé fjölbreytt og góð tengsl séu við nærumhverfi. Einkunnarorð Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri birtast í merki skólans, *jákvæðni, metnaður, virðing, heiðarleiki*. Skólinn hefur ekki sett fram á hvern hátt einkunnarorðin eiga að birtast í skólastarfinu.

Í starfi skólans sést að borin er virðing fyrir mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda, meðal annars með áherslu á öfluga stoðþjónustu.

Markmið um nám eru víða sýnileg í kennslustofum, sérstaklega hjá eldri nemendum. Nemendur í rýnihópi sögðu að í sumum árgögum og hjá sumum kennurum fengju þeir kynningu á markmiðum kennslustunda, hæfniviðmiðum og hvaða viðmið séu um árangur.

Á heimasíðu eru tenglar í upplýsingar um áætlanir um nám eftir bekkjardeildum. Ekki er samræmt hvernig áætlanir eru settar fram og tenging við hæfniviðmið aðalnámskrár er ekki greinargóð.

Stuðningur við nemendur er fjölbreyttur og byggir á rökstuddri einstaklingsnámskrá þar sem það á við.

### 2.2. Árangur náms

Reglulega er fylgst með námsárangri og líðan nemenda skólans. Samkvæmt mælingum á samræmdum könnunarprófum sem nemendur breyta í 4., 7. og 9. bekk (var áður í 10. bekk) er árangur nemenda skólans oft undir meðaltali jafnaldra. Þar sem árgangur er fámennur er tekið saman uppsafnað meðaltal þessara árganga. Árangur hjá 9. bekk 2017 var yfir meðaltali jafnaldra í íslensku og ensku en verulega undir í stærðfræði (sjá nánar í kafla um samræmd könnunarpróf).

Líðan nemenda í skólanum kemur fram í svörum þeirra í Skólapúlsinum. Síðustu mælingar nemenda eru frá skólaárinu 2017-2018. Þar kemur fram að svör nemenda skólans sem þátt taka eru almennt svipuð og svör annarra nemenda landsins þegar horft er til líðanar og heilsu. Athygli vekur að tíðni hreyfingar er mikið undir tíðni hreyfingar hjá jafnöldrum.

Foreldrar sem svara foreldrakönnun Skólapúlsins 2017-2018 eru álíka ánægðir með líðan barna sinna í skólanum og foreldrar barna í öðrum skólum sem þátt taka, utan að þeir eru síður ánægðir með hvernig skólinn mætir þörfum nemenda.


Samkvæmt stjórnendum er unnið sameiginlega með niðurstöður námsmats, svo sem samræmdra könnunarprófa, og niðurstöður eru rýndar með kennurum. Kennarar í rýnhópi töldu þó að bæta mætti hvernig unnið er með niðurstöður námsmats, svo sem kannana og skimana, bæði með kennurum og nemendum.

## **Samræmd könnunarpróf**

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30.


Samantekt á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa. Birt er uppsafnað meðaltal fyrir 4. bekk þar sem fjöldi nemenda er undir viðmiðum um birtingu fyrir einstök ár.

### **4. bekkur**




Árangur í íslensku batnaði á tímabilinu 2014-2015 en dalaði aftur 2016. Við síðustu mælingu 2017 mældist þó árangurinn yfir landsmeðaltali. Árangur í stærðfræði hefur verið töluvert undir meðaltali en mældist einnig nokkuð yfir landsmeðaltali 2017. Upp safnað meðaltal fyrir 2016-2017 bæði í íslensku og stærðfræði er þó undir meðaltali fyrir tímabilið.

### **7. bekkur**




Árangur í íslensku var við landsmeðaltal 2014 en dalaði svo verulega 2015 og 2016. Við síðustu mælingu 2017 batnar árangurinn þó umtalsvert og var rétt undir meðaltali. Stærðfræðiárangur er verulega undir landsmeðaltali öll birt ár.

## 9. bekkur



Árið 2017 voru samræmd könnunarpróf haldin í 9. bekk og verður svo framvegis. Árangur nemenda var yfir landsmeðaltali bæði í íslensku og ensku en undir í stærðfræði.

## 10. bekkur



Árangur í 10. bekk batnaði í öllum metnum fögum á tímabilinu 2013-2014 en hefur dalað aftur á tímabilinu 2015-2017, þó minnst í íslensku.

## Lesferill


Myndir af Lesferli eru ekki birtar þar sem fjöldi nemenda er undir viðmiðum um birtingu. Meðaltal lesinna orða nemenda var í kringum landsmeðaltal á yngsta- og miðstigi, en fer aðeins undir meðaltal í elstu árgöngunum.

## 2.3 Gæði kennslu

Bæði stjórnendur og kennarar nefna teymiskennslu og faggreinakennslu sem dæmi um stefnu í kennsluháttum. Stefna skólans um kennslu eða kennsluhætti er ekki birt í gögnum í skólanámskrá. Kennarar sem rætt var við könnuðust ekki við að til væri skráð stefna um kennsluhætti og sögðust fá frjálsar hendur og geta mótað vinnubrögðin. Í umfjöllun um sérkennslu er rætt um markmið kennslu en ekkert er rætt um kennsluhætti. Þar segir að markmið kennslu sé að styrkja jákvæða sjálfsmynd nemandans og sjálfstæði, efla hæfni hans til félagslegra samskipta og auka færni hans í bóklegum og verklegum greinum.

Kennarar sýna almennt fagmennsku og kennslufræðilega hæfni í kennslustundum og skipulag kennslutíma var að jafnaði gott og tíminn vel nýttur. Nær alltaf er hugað að því að nægur tími sé til að komast í og úr íþróttatínum þannig að kennsla skerðist ekki.

Matsmenn voru á vettvangi í 22 kennslustundum hjá öllum árgögum í fjölbreyttum námsgreinum. Þessar kennslustundir voru almennt metnar góðar en í um fimmtungi kennslustundanna var talið að einhverja mikilvæga þætti mætti bæta.



Ríkjandi kennsluáherslur sem matsmenn sáu á vettvangi voru bein kennsla, þar sem kennslustundin einkenndist af því að kennari er í hlutverki fræðara sem miðlar upplýsingum og nemendur að vinna í verkefnabækur sínar, eða í 77% af metnum kennslustundum. Leiðbeinandi kennsluáherslur voru að hluta til í 14% stundanna og 9% metinna kennslustunda voru skipulagðar þannig að nemendur höfðu virkt hlutverk við að stýra framvindu eða höfðu bein áhrif á framgang eigin náms.

Efla mætti virka þátttöku nemenda í framgangi náms og kennslu. Það kemur heim og saman við svör nemenda á Skólapúlsinum þar sem fram kemur að nemendur skólans hafa marktækt minni trú á eigin vinnubrögðum í námi en aðrir sem þátt taka í Skólapúlsinum.


Í einstaklingsnámskrám sést hvernig tilhögun stuðnings einstakra nemenda er háttar en í almennum kennsluáætlunum er ekki sérstaklega fjallað um tilhögun námsaðlögunar. Kennarar, foreldrar og nemendur telja að námstækifæri séu yfirleitt hæfilega krefjandi, aðlögun sé með því að draga úr yfirferð eða kröfum og að bráðgerir nemendur fái efni við hæfi, stundi nám á framhaldsskólastigi eða geti útskrifast fyrr.

## 2.4 Skipulag náms

Kennrarar vinna saman innan stiga að skipulagi náms og kennslu. Á yngsta stigi er verið að vinna að innleiðingu teymiskennslu smátt og smátt og í veturnar er sameiginlegt val hjá 1., 2. og 3. bekk. Faggreinakennsla er á unglungastigi. Skipulag gefur möguleika á sjálfstæðu námi og samvinnu nemenda.

Fjöldi nemenda í námshópum í metnum kennslustundum var frá fjórum í 17 nemendur, flestar kennslustundirnar voru með milli 8 og 13 nemendur. Í þriðjungi metinna kennslustunda voru einn eða fleiri stuðningsfulltrúar eða sérkennari jafnframt í kennlustofunni, annað hvort að fylgja ákveðnum nemendum eða aðstoða almennt.

Kennslu- og námsáherslur þar sem nemendur vinna einir við nám var í 77% kennslustunda sem matsmenn mátu. Umræður og skoðanaskipti auk samvinnuverkefna voru ekki stór hluti í námi og kennslu sem matsmenn sáu á vettvangi.



Upplýsingataækni var lítið nýtt af kennurum og nemendum, nemendur nýttu tæknina að einhverju marki í fimm metnum stundum og einu sinni nýtti kennari upplýsingatækni við kennsluna.

Í skólanum er lögð mikil áhersla á markvissa lestrarþjálfun á öllum aldursstigum og á unglungastigi er sérstakur lestrarþjálfari. Hlúð er að sköpunarpörf nemenda, m.a. með sérstakri áherslu á nám og kennslu í list- og verkgreinum. Tómennt er kennd í tvær kennslustundir á viku upp í 7. bekk.

Nemendur í 8.-10. bekk eru með skilgreint val á stundskrá, fjórar kennslustundir í viku. Það uppfyllir ekki kröfu um að í 8.-10. bekk eigi val að vera um fimmtungur námstímans eða um sjö kennslustundir á viku hjá hverjum árgangi.

## 2.5 Námsvitund

Í vettvangsheimsóknum í kennslustundum voru nemendur almennt áhugasamir um námið. Eldri nemendur sögðust þekkja vel til markmiða og að hvaða hæfni þau stefna í námi. Hæfniviðmiðin eru sýnileg í Mentor, hanga uppi á veggjum í skólastofum og nemendur fá þau afhent á blöðum. Yngri nemendur sögðust hafa vikuáætlunar í sumu bekkjum og í sumum fögum er áætlun um yfirferð. Þeir könnuðust ekki við þeim væri kennt að setja sér markmið eða taka þátt í markmiðssetningu. Vinna út frá sérstöku áhugasviði nemenda birtist ekki í metnum kennslustundum. Eldri nemendur í rýnihópi nefndu að þeir fengju stundum að vinna út frá því sem þeir veldu en ekki oft en töldu það áhugavert eins og kom fram í rýnihópi: „núna

*erum við að vinna heimildaritgerð út frá því sem við höfum áhuga á og okkur langar að vita. Það er miklu skemmtilegra en skrifa um einhverja bók sem maður hefur ekki áhuga á“.* Nemendur könnuðust helst við próf sem námsmat en sögðu að þeir hefðu tekið þátt í að meta eigoð nám. Nemendur telja almennt að þeir hafi lítið um skólastarfið að segja eða tilhögun náms síns.

## 2.6 Ábyrgð og þátttaka

Starfsfólk og nemendur koma almennt vel fram og taka tillit til annarra. Kennrarar nýta bekkjarfundi í eldri bekkjum þar sem nemendur þjálast í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og fram kom hjá nemendum að þar væri vettvangur þar sem rætt væri um efni tengt samskiptum. Eldri nemendur hafa formlegt tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri með þátttöku í Skólapúlsi annað hvert ár. Einnig hafa verið gerðar eineltiskannanir og hluti nemenda í rýnihópi mundi eftir að hafa fengið kynningu á niðurstöðunum. Hjá nemendum í rýnihópum, bæði eldri og yngri, kom fram að þeir hefðu ekki mikið um aðstæður sínar að segja og fram kom að þeir telji stjórnendur gera lítið með það sem þeir leggja til eða ábendingar þeirra. „*Skráðar í bók en ekkert gerist*“. Stjórnendur sögðust hlusta á raddir nemenda og verða við þeirra þörfum. Hjá kennurum kom fram að efla mætti þátttöku nemenda.

### Styrkleikar

- Í skólanum er borin virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda.
- Árangur nemenda á samræmdum könnunarprófum í 9. bekk er góður í íslensku og ensku.
- Skipulag kennslutíma er gott og tíminn vel nýttur.
- Hugað er að tíma til að komast í og úr íþróttum.
- Foreldrar telja nám hæfilega krefjandi og að komið sé til móts við mismunandi þarfir nemenda.
- Kennrarar vinna saman að skipulagi kennslu.
- Verið er að þroa teymiskennslu á yngsta stigi.
- Góð mönnun er í kennslustundum.
- Í skólanum er lögð mikil áhersla á markvissa lestrarþjálfun.
- Áhersla er lögð á nám í list- og verkgreinum.
- Eldri nemendur fá kynningu á markmiðum og viðmiðum.

### Tækifæri til umbóta

- Setja fram sýn skólans og hvernig hún á að birtast í námi og kennslu.
- Samræma framsetningu námsvísa/áætlana um nám og birta á heimasíðu.
- Tengja áætlanir um nám betur við hæfniviðmið aðalnámskrár.
- Stuðla að aukinni hreyfingu hjá nemendum.
- Endurskoða stærðfræðikennslu og leita leiða til að bæta árangur nemenda í stærðfræði.
- Styrkja trú nemenda á eigin vinnubrögð, m.a. með aukinni þátttöku í markmiðssetningu og mati á eigin árangri.
- Efla þarf þátttöku nemenda við að vinna með markmið námsins, læra að setja sér markmið tengt hæfni og skipuleggja nám sitt.
- Í kennsluáætlunum þarf að gera grein fyrir hvernig námsaðlögun er háttað.
- Mikilvægt er að stuðningur í bekkjaraðstæðum sé vel skipulagður og markvisst nýttur.
- Auka samtal og samvinnu nemenda í námi.
- Efla notkun á upplýsingatækni í námi.

- Sjá til þess að nemendur unglingsadeildar hafi val í um fimmtungi námstímans.
- Efla kennsluhætti þar sem reynir á rökhugsun, gagnrýna hugsun, samstarf og skoðanaskipti nemenda.
- Leita markvisst eftir viðhorfi og hugmyndum nemenda um nám og námsaðstæður.
- Efla sjálfstæði og þátttöku nemenda.

## Páttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur

### 3.1 Skipulag

Stjórnendur telja innra mat mikilvægt og nefna að þeir vilji efla það og hafa öflugt. Innra mat skólans stýðst í grunninn aðallega við kannanir eins og Skólapúlsinn fyrir nemendur og foreldra, viðhorfskönnun starfsmanna og samræmd könnunarpróf. Ekki er unnið að mati á kennslu eða fagmennsku kennara, mati á þróunarvinnu eða kennsluháttum. Matsþættir taka ekki mið af stefnu skólans, markmiðum hans eða helstu viðfangsefnum. Markmið skólans eru ekki metin eða skilgreind viðmið um árangur sem stefnt er að. Upplýsingar um innra mat á heimsíðu ná til matsskýrslu hvers árs og settar eru fram niðurstöður Skólapúlsins. Hvorki liggur opinberlega fyrir áætlun um innra mat skólaársins né langtímaáætlun um innra mat þrjú til fimm ár fram í tímann.

### 3.2 Framkvæmd

Aðstoðarskólastjóri ber ábyrgð á innra mati skólans og vinnur deildarstjóri með honum. Stjórnendur segja að á döfinni sé að efla innra mat og matsteymið og fá kennara til pátt töku. Niðurstöður ytra mats svo sem könnun Rannsóknar og greiningar um líðan og hagi nemenda (fyrir Árborg í heild) eru nýttar í innra mati. Gerð er stuttlega grein fyrir niðurstöðum samræmdra könnunarprófa en engar umbótaaðgerðir eru tilgreindar í tengslum við þær. Skólaráði eru kynntar niðurstöður kannana.

### 3.3 Umbætur

Greinargerð er um innra matið þar sem koma fram upplýsingar um þær kannanir sem nýttar eru. Þar koma fram helstu tækifæri til umbóta og styrkleikar. Ekki er fjallað um markmið skólans eða að hve miklu leyti þau hafa náðst. Umbótaáætlun er ekki tímasett með skilgreindum ábyrgðaraðilum. Hagsmunaaðilar sem rætt var við hafa fengið kynningu á ákveðnum þáttum innra matsins, s.s. niðurstöðum einstakra kannana sem snúa að viðkomandi hópum. Páttakendur í rýnihópi kennara nefndu dæmi um umbætur í kjölfar mats. Foreldrar sögðust fá upplýsingar um ákvarðanir um umbætur í kjölfar kannana en síðan ekki hvað hafi verið gert. Ekki er getið um hvenær eða hvernig á að meta árangur aðgerða.

#### Styrkleikar

- Stjórnendur telja innra mat mikilvægt og ætla að efla það.
- Matsskýrslur hvers árs eru opinberar.
- Gagna um skólastarf hefur verið aflað hjá nemendum, stafsfólk og foreldrum.
- Unnin hefur verið greinargerð um innra mat með styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Niðurstöður kannana eru kynntar helstu aðilum skólasamfélagsins.

#### Tækifæri til umbóta

- Skipa þarf teymi um innra mat með fulltrúum allra aðila skólasamfélagsins.
- Greina ætti betur niðurstöður samræmdra könnunarprófa og setja fram markvissar leiðir til umbóta.
- Innra mat þarf að verða samofið daglegu skólastarfi.

- Gera þarf áætlun um innra mat til nokkurra ára og gera opinbera.
- Gera þarf mat á kennslu og fagmennsku kennara að föstum lið í innra mati.
- Meta þarf markmið skólans.
- Afla mætti gagna um skólastarf með fjölbreyttari aðferðum en könnunum hjá aðilum skólasamfélagsins.
- Vinna nákvæma umbótaáætlun út frá tækifærum til umbóta og tilgreina hvernig og hvenær á að meta árangur umbótaaðgerða.

## Páttur 4 – Skóli án aðgreiningar

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þátt hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Fjórði þáttur er val sveitarfélags og skóla og er ekki tekinn með í prófilmynd skólans.

### 4.1 Menning og viðhorf

Hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar birtist skýrt í umfjöllun um stoðþjónustu skólans á heimasíðu. Þar kemur fram að skólinn byggir starf sitt meðal annars á virðingu fyrir margbreytileikanum og leitast við að veita öllum nemendum sínum námstilboð við hæfi. Allir nemendur eru velkomnir í skólann og í rýnihópum kom fram að leitað er til skólans vegna nemenda með sértækan vanda utan skólahverfis. Deildarstjóri stoðþjónustu skipuleggur stoðþjónustuna, er næsti yfirmaður stuðningsfulltrúa og fundar reglulega með þeim.

### 4.2 Námskrá og áætlanir

Gerðar eru ítarlegar einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning og einstaklingsáætlanir á unglungastigi fyrir þá sem þurfa aðlögun í námi. Unnið er eftir skýru verklagi með greiningum og skimunum til að meta þörf nemanda fyrir sérkennslu og stuðning. Heildaráætlun um sérkennslu og stuðning hefur ekki verið gerð árlega en á heimasíðu er greinargóð lýsing á verklagi og vinnubrögðum stoðþjónustunnar. Foreldrar koma að og undirrita einstaklingsnámskrár og að sögn deildarstjóra er reynt að virkja eldri nemendur í að setja sér markmið.

### 4.3 Upplýsingamiðlun og samskipti

Skólinn nýtir sérfræðiþjónustu og ráðgjöf frá sveitarfélaginu og unnið er að því að tryggja sem bestar námsaðstæður nemenda með fagaðilum innan skólans.

Stuðningsfulltrúar hafa fengið tækifæri til símenntunar og þess er gætt að rödd þeirra heyrist í skólasamféluginu. Móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir og nemendur með annað móðurmál en íslensku eru á heimasíðu. Samskipti við leikskóla vegna nemenda með sérþarfir eru skráð og tilfærsluáætlun gerð þegar nemendur fara í framhaldsskóla. Deildarstjóri stoðþjónustu fundar reglulega með kennurum sem starfa í sérkennslu og stuðningsfulltrúum og miðlar til þeirra upplýsingum og árlega er upplýsingafundur með öllum starfsmönnum en gæta þarf þess að aðrir starfsmenn hafi hverju sinni þær upplýsingar sem þeir þurfa vegna starfs síns með nemendum.

### 4.4 Starfshættir

Sérkennsla fer að mestu fram innan bekkjar en námsver er á báðum starfsstöðvum þar sem tækifæri er til að sinna nemendum einstaklingslega eða í litlum hópum. Tveir þroskaþjálfar eru við skólann og stuðningsfulltrúar í hverri bekkjardeild auk þeirra sem fylgja einstökum nemendum. Gæta þarf þess að stuðningur sé í öllum tilvikum markviss og nýtist nemendum í námi.

Lausnateymi skipað stjórnendum, námsráðgjafa og þroskaþjálfar er starfandi við skólann. Það veitir kennurum og öðru starfsfólki skólans ráðgjöf vegna vanda sem upp getur komið í kennslu og samskiptum. Mynduð eru nemendateymi um þá nemendur sem þess þurfa með þáttöku foreldra, kennara og annarra sérfræðinga sem að námi nemandans koma. Markmið teymanna er að sinna nemendum með náms-, félags- og/eða hegðunarerfiðleika til að utanumhald verði skilvirkara og öruggara.

Nemendur með lesbblindu fá markvissa þjálfun og er skimað fyrir lestrarerfiðleikum og sett upp námskeið ef þörf krefur. Nemendur með sérþarfir fá einnig gæðastundir í litlum hópum í list- og verkgreinum, sundi og íþróttum.

### Styrkleikar

- Skólinn byggir starf sitt meðal annars á virðingu fyrir margbreytileikanum og leitast er við að veita öllum nemendum námstilboð við hæfi.
- Deildarstjóri stoðþjónustu skipuleggur sérkennslu og stuðning.
- Gerðar eru ítarlegar einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning og einstaklingsáætlunar á unglingsastigi fyrir þá sem þurfa aðlögun í námi.
- Á heimasíðu er greinargóð lýsing á verklagi og vinnubrögðum stoðþjónustunnar.
- Samvinna er milli fagaðila skólans og sérfræðiþjónustu til að tryggja sem bestar námsaðstæður nemenda.
- Stuðningsfulltrúar hafa fengið tækifæri til símenntunar og þess er gætt að rödd þeirra heyrist í skolasamfélaginu.
- Sérkennsla fer að mestu fram innan bekkjar.
- Lausnateymi skipað stjórnendum, námsráðgjafa og þroskaþjálfa er við skólann og veitir kennurum og öðru starfsfólk ráðgjöf.
- Mynduð eru nemendateymi um þá nemendur sem þess þurfa með þáttöku foreldra, kennara og annarra sérfræðinga.
- Nemendur með sérþarfir fá gæðastundir í litlum hópum í list- og verkgreinum, sundi og íþróttum.

### Tækifæri til umbóta

- Gera árlega heildaráætlun um sérkennslu og stuðning.
- Virkja nemendur til að setja sér markmið um árangur.
- Gæta þess að allir starfsmenn hafi þær upplýsingar sem þeir þurfa vegna starfs síns með nemendum.
- Gæta þess að stuðningur sé í öllum tilvikum markviss og nýtist nemendum í námi.